

BREYTT LEGA AXARVEGAR (939) MILLI HÁUBREKKU OG REIÐEYRAR Í DJÚPAVOGSHREPPI

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Skipulagsstofnun gaf út álit sitt á mati á umhverfisáhrifum veglagningar Hringveggar í Skriðdal, vegar yfir Öxi og niður í Berufjarðardal, samkvæmt veglínunum A, C, E og F, og veglagningu um Berufjarðarbotn í apríl 2011. Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrir liggi að áhrif veglínu G á landslag í Berufjarðardal sem og á aðra umhverfisþætti verði sambærileg eða svipuð og áhrif þeirra veglína sem fjallað var um í ofangreindu mati. Að ákvarða veglínu G í mat á umhverfisáhrifum myndi, að mati Skipulagsstofnunar, engu bæta þar við. Því er það niðurstaða stofnunarinnar, eftir að hafa yfirfarið þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila við þeim í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b, að veglagning samkvæmt veglínu G milli Háubrekku og Reiðeyrar í Djúpavogshreppi skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Djúpavogshrepps skv. 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012. Veglagning skv. veglínu G er ekki í samræmi við Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008-2020 og kallar á breytingu á því.

Framkvæmdin er háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Veglagning og efnistaka í grennd við veiðivötn og ár er háð leyfi Fiskistofu skv. lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006. Sækja þarf um leyfi til Minjastofnunar Íslands þar sem hætta er á að fornleifar geti raskast í samræmi við lög um menningarminjar nr. 80 /2012.

Skipulagsstofnun leggur áherslu á mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 23. apríl 2013.

INNGANGUR

Pann 13. febrúar 2013 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um fyrirhugaða breytingu á legu Axarvegur í Djúpavogshreppi samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Djúpavogshrepps, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Fiskistofu, Minjastofnunar Íslands, Landgræðslu ríkisins, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands.

Umsagnir bárust frá Djúpavogshreppi með bréfi dags. 1. mars 2013, Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 5. mars 2013, Fiskistofu með bréfi dags. 25. febrúar 2013, Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 6. mars 2013, Landgræðslu ríkisins með bréfi dags. 12. mars 2013, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 5. mars 2013 og Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 14. mars 2013. Frekari upplýsingar bárust frá Vegagerðinni með bréfum dags. 26. febrúar, 4., 6., 8. og 19. mars 2013.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að Vegagerðin leggi fram nýja veglínu, veglínu G, sem viðbót við mat á umhverfisáhrifum Axarvegur og Hringvegur í Skriðdal og Hringvegur um Berufjarðarbotn en matsskýrsla um þá framkvæmd hafi verið send Skipulagsstofnun í byrjun mars 2011. Í matsskýrslunni hafi verið lagðar fram fjórar veglínur Hringvegur um Skriðdal og um Axarveg til athugunar hjá stofnuninni, þ.e. veglínur A, C, E og F. Eina veglínan sem lögð hafi verið fram frá Hringvegi í Skriðdal um Axarveg að Hringvegi í Berufirði hafi verið veglína A en hinar veglínurnar hafi síðan legið út frá henni á mismunandi stöðum í Berufirði. Fram kemur að helstu niðurstöður álits Skipulagsstofnunar hafi verið að framkvæmdin myndi hafa veruleg, neikvæð áhrif á landslag vegna umfangs vegarins og óafturkræfni áhrifanna. Í kjölfar þessarar niðurstöðu og einnig með tilliti til óska landeigenda um veglínu í sunnanverðum Berufjarðardal leggi Vegagerðin nú fram veglínu G og vonist til að með lagningu vegar um Berufjarðardal skv. þeirri veglínu verði unnt að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á náttúrufar, fornleifar, jarðmyndanir og landslag.

Fram kemur að nýr Axarvegur verði uppbyggður með tilliti til snjóá og með bundnu slitlagi. Miðað sé við að hönnunarhraði verði að jafnaði 90 km/klst, nema á kafla í Berufirði þar sem það markmið næst ekki vegna staðhátta. Þar verði hönnunarhraðinn 70 km/klst. Fram kemur að vegur samkvæmt veglínu G fylgi veglínu A frá Hringvegi við norðurenda Skriðuvatns og að stöð 18400 ofan Háubrekku. Þaðan víki veglína út frá veglínu A til suðurs og liggi í nokkuð kröppum beygjum undir Hæubrekku og Vagnabrekku og sé framkvæmdasvæði veglínu G 8,2 km langt að stöð 26600 við Reiðeyri og verði misbreitt, háð aðstæðum í landslagi. Í brekkunum niður í Berufjörð sé bæði mikill langhalli og hliðarhalli sem hafi í för með sér að skeringar verði nokkuð samfelldar á tæplega 3 km kafla að stöð 21200, bæði ofan og neðan vegarins. Þá verði stór fylling á rúmlega 200 m kafla skammt ofan við Hæubrekkufofoss, auk þess sem fyllingar verði neðan vegarins á köflum. Frá Hemru að Gljúfuri, liggi vegurinn yfir Berufjarðardal um Háöldu á um 1,1 km langri fyllingu. Um Víðisneshjalla og klettahjalla ofan Árnúsa skiptist á skeringar og fyllingar að enda veglínunnar við Hringveg í Berufjarðarbotni. Veglína G þveri Berufjarðará við Háubrekku, þar sem sett verði ræsi og við Gljúfur, þar sem byggð verði um 30 m löng brú. Fram kemur að framkvæmdasvæðið verði breiðast á tveimur stöðum, um 70 m, en hæsta fylling verði 12,8 m há og dýpsta skering 16,2 m djúp. Fram kemur að efnisþörf vegna lagningar Axarvegur samkvæmt veglínu G sé um 580 þús. m³ og muni stór hluti efnis koma úr vegskeringum en

Það sem á vanti verði tekið úr námum, en efnistökusvæði, sem gert hafi verið ráð fyrir í framkvæmdum við Axarveg skv. matsskýrslu, hafi ekki verið endurskoðuð vegna veglínu G.

Fram kemur að við mat á umhverfisáhrifum Axarvegar, Hringvegar í Skriðdal og Hringvegar um Berufjarðarbotn hafi verið gerðar rannsóknir innan fyrirfram afmarkaðs rannsóknarsvæðis, m.a. á gróðurfari, fuglalífi, fornleifum, leirum og lífríki í ám og vötnum. Þá hafi verið gerð úttekt á landslagi og jarðfræði svæðisins og tekin saman gögn um ofanflóð, gerð úttekt á snjósöfnun og veðuraðstæðum að vetrarlagi við nýtt vegstæði Axarvegar. Veglína G liggja innan fyrrnefnds rannsóknarsvæðis, nema á um 0,6 km kafla milli Innra- og Ytra Árnúsagils og liggja mest í 17 m fjarlægð frá mörkum svæðisins. Á þessum rúmlega hálf km kafla liggja veglínan um kletthajalla sambærilega þeim sem einkenni allt svæðið og telji Vegagerðin því ekki þörf á frekari rannsóknum vegna hennar.

Umhverfisáhrif

Sjónræn áhrif og áhrif á landslag. Fram kemur að nýr vegur samkvæmt veglínu G muni að mestu leyti liggja utan núverandi vegar og verða breiðari og hærri en sá vegur í dag. Á áhrifasvæði fyrirhugaðrar veglínu séu kletthajallar mjög áberandi landslagsform og myndi fallett hjallalandslag. Skorið verði í gegnum hæðir og fyllt í lögðir þar sem núverandi vegur fylgi landslaginu. Á rúmlega fjögurra km kafla þurfi að breyta landslagi verulega til að leggja veg niður brekkurnar í Berufirði sem uppfylli kröfur í veghönnunarreglum Vegagerðarinnar og muni vegurinn sjást vel, bæði ofan frá og frá botni Berufjarðar, og hafa veruleg sjónræn áhrif á þessu svæði. Þá muni veglínan þvera dalinn á stórri fyllingu og liggja sunnan hans frá Háöldu um hjallalandslag að Hringvegi í Berufirði. Það sé mat Vegagerðarinnar að vegagerð í Berufjarðardal muni alltaf koma til með að hafa neikvæð áhrif á landslag. Hins vegar telji stofnunin veglínu G þann valkost sem best liggja í landinu af þeim veglínunum sem metnar hafi verið með tilliti til umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar á landslag. Á framkvæmdatíma muni Vegagerðin stuðla að því að röskun á landi verði sem minnst og að hún takmarkist fyrst og fremst við vegastæðið sjálft og vel afmarkaða efnistökuastaði.

Áhrif á jarðmyndanir. Fram kemur að þær jarðmyndanir, sem lendi undir veginum og í verði skeringar, séu að mestu leyti klappir en einnig verði skeringar í bergganga, aurkeilur, skriðukeilur og að litlu leyti í strandhjalla. Allar þessar jarðmyndanir teljist vera nokkuð algengar en áhrifin verði þó mikil vegna vegalagningarinnar og efnistöku tengdri henni.

Áhrif á gróðurfar. Fram kemur að við mat á áhrifum framkvæmda á gróður sé fyrst og fremst horft til verðmæta gróðurlenda en engar tegundir á svæðinu séu á valista og gróðurfar sé nokkuð dæmigert fyrir fjarðarbotna, heiðar og dali. Veglína G raski hvergi birkikjarri, fjalldrapamóa né ræktuðu landi en liggja hins vegar um tvö votlendissvæði sem séu stærri en 3 ha og njóti þar með verndar skv. náttúruverndarlögum. Til að draga úr áhrifum á gróður verði þess gætt að rask verði sem minnst á framkvæmdatíma og við frágang verði jafn stórt gróðurlendi og raskist, grætt upp. Þá verði endurheimt jafnstórt votlendi og raskist vegna framkvæmdanna og Vegagerðin muni hafa samráð um það við Umhverfisstofnun, Djúpvogshrepp og landeigendur.

Áhrif á fuglalíf. Fram kemur að Vegagerðin geri ráð fyrir að fyrirhugaðar framkvæmdir, samkvæmt veglínu G, muni hafa tímabundin en óveruleg áhrif á flestar tegundir fugla á svæðinu. Þó megi alltaf gera ráð fyrir töluverðum óbeinum og tímabundnum áhrifum á fuglalíf vegna aukins aðgengis og umferðar á framkvæmdatíma. Stormmáfur sé sjaldgæfur á áhrifasvæðinu og muni verða fyrir verulega neikvæðum áhrifum, óháð vali á veglínu.

Áhrif á hreindýr. Fram kemur að Vegagerðin geri ráð fyrir að fyrirhugaðar framkvæmdir samkvæmt veglínu G muni hafa óveruleg áhrif á hreindýr. Neikvæð áhrif verði fyrst og fremst á rekstrartíma vegna aukinnar árekstrarhættu í ljósi meiri umferðar.

Áhrif á vatnalíf. Fram kemur að Vegagerðin telji að áhrif framkvæmdanna á vatnalífriki verði ekki teljandi fyrir utan tjörn í Berufirði sem að hluta til lendi í skeringu vegna veglínu G. Þar sem Berufjarðará verði brúuð við Gljúfur, tæplega 2 km ofan við Ástufoss og þar með ofan við fiskgenga hluta árinna, verði áhrif framkvæmdarinnar óveruleg á fiska auk þess sem hrygningarsvæði bleikjunnar neðst á ánni raskist ekkert vegna brúargerðar. Hins vegar verði ekki komist hjá því að taka efni úr námu A-12 sem sé á þurru áreyrum neðst við Berufjarðará. Efnistaka muni því geta haft neikvæð áhrif á vatnalíf í áreyrarhluta árinna.

Áhrif á fornleifar. Fram kemur að átta fornleifar séu í minna en 100 m fjarlægð frá miðlínu veglínu G, þar af fjórar í stórhættu. Í matsskýrslu Axarvegar sé lýsing á þeim fornminjum sem séu innan áhrifasvæðis hvarrar veglínu fyrir sig og gerð tillaga að mótvægisáðgerðum. Þar sem veglína G fylgi veglínunum A og C á köflum, megi álíta að þær lýsingar á fornminjum og tillögur að mótvægisáðgerðum veglína A og C, gildi einnig fyrir þær fornleifar á þeim köflum sem falli saman við veglínu G. Hins vegar liggi veglína G utan rannsóknarsvæðisins á tæplega 600 m kafla milli stöðva 23400-23960, í grennd við Árnhus og hafi fornleifar ekki verið skráðar á þeim kafla. Fram kemur að áður en framkvæmdir hefjist muni Vegagerðin, í samráði við minjavörð Austurlands, fá fornleifafræðing til að ganga veglínuna þar sem hún liggi utan rannsóknarsvæðisins og kanna hvort þar leynist fornleifar.

Áhrif á hljóðvist. Fram kemur að á framkvæmdatíma muni framkvæmdir hafa í för með sér hávaða á svæðinu vegna sprenginga og efnisflutninga. Vegagerðin telji að áhrifin verði óveruleg því um sé að ræða tímabundin og staðbundin umhverfisáhrif sem fáir verði varir við. Að framkvæmdum loknum muni umferðarhávaði færast frá núverandi vegsvæði yfir á nýtt vegsvæði.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Djúpavogshrepps, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Fiskistofu, og Minjastofnunar Íslands kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Í umsögn Veðurstofu Íslands er ekki tekin afstaða til hvort að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Umhverfisstofunnar kemur fram að vegna umfangs fyrirhugaðrar framkvæmdar og áhrifa hennar á ásýnd og landslag í Berufirði sé líklegt að lagning Axarvegar samkvæmt línu G muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Fram kemur að veglagning samkvæmt veglínu G muni hafa í för með sér varanlegar og óafturkræfar breytingar á landslagi en hins vegar sé núverandi vegur lagður að mestu eftir landinu og ætti að vera hægt að afmá að mestu ummerki um slíkt mannvirki. Þá muni lagning Axarvegar samkvæmt veglínu G raska votlendi sem njóti verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Veglagningin muni að mati Umhverfisstofnunar hafa umtalsverð og varanleg áhrif á landslag og ásýnd innsta hluta Berufjarðar. Stofnunin bendi á að það sé m.a. markmið laga um mat á umhverfisáhrifum að tryggja að áður en leyfi sé veitt fyrir framkvæmd, sem kunni vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að allar þær veglínur sem lagðar hafi verið fram í matsskýrslu muni raska votlendi. Þar sem veglína G raski votlendi liggi hún að mestu í jafri votlendissvæða, sem telja megi að hafi minni neikvæð áhrif á votlendið í heild sinni en ef veglínun þveraði votlendið. Vegagerðin mun endurheimta jafn stórt votlendi og það sem

raskist vegna framkvæmdarinnar og hafi þegar rætt við landeigendur Berufjarðar um endurheimt hluta þess í Árnhusaflóa. Nánari samráð verði haft við landeigendur, Umhverfisstofnun og sérfræðinga í endurheimt votlendis á framkvæmdatíma.

Fram kemur að Vegagerðin telji að vegagerð í Berufjarðardal komi alltaf til með að hafa neikvæð áhrif á landslag þar sem ekki sé framkvæmanlegt að leggja veg á þessu svæði, án inngríps í landslagið, og sem uppfylli kröfur í veghönnunarreglum Vegagerðarinnar. Landslagið er sérlega erfitt til vegagerðar, sérstaklega í innsta hluta Berufjarðar, þar sem landþröng sé mikil og miklar hæðarbreytingar. Með veglínu G reyni Vegagerðin að draga úr þessum áhrifum, m.a. með því að lækka hönnunarhraða á köflum og raska hvorki Fálkagili né Árnhusaklifi. Hvað varðar þá niðurstöðu Umhverfisstofnunar að vegna umfangs fyrirhugaðrar framkvæmdar og áhrifa hennar á ásýnd og landslag í Berufirði telji stofnunin líklegt að lagning Axarvegar samkvæmt veglínu G muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér þá bendir Vegagerðin á að veglína G liggi að langmestu leyti innan rannsóknarsvæðisins sem skilgreint var vegna mats á umhverfisáhrifum Axarvegar, Hringvegar í Skriðdal og Hringvegar um Berufjarðarbotn árið 2011. Niðurstöður allra rannsókna sem gerðar hafi verið í tengslum við umhverfismatið auk þrívíddarmynda af veglínunni liggja fyrir. Það sé mat Vegagerðarinnar að nýtt umhverfismat vegna veglínu G þjóni engum tilgangi þar sem það leiði tæplega til annarrar niðurstöðu en það umhverfismat sem liggja fyrir. Staðan er ljós, vegagerð í Berufjarðardal muni alltaf koma til með að breyta ásýnd landsins. Því leggi Vegagerðin hér fram veglínu G þar sem markmiðið með hönnun hennar er að lágmarka umhverfisáhrif eins og kostur er.

Í umsögn Minjastofnunar ríkisins kemur fram að ein varða lendi í veglínu G og hafi hún verið staðsett með GPS-mælinu og skráð. Minjastofnun Íslands telur þetta fullnægjandi mótvægisáðgerðir en minnir á að sækja þurfi um leyfi stofnunarinnar til að fjarlægja vörðuna. Fjórar aðrar vörður, tóft og tvö garðlög séu í 20 til 80 m fjarlægð frá útbrún framkvæmdasvæðis veglínu G og telji Minjastofnun að merkja þurfi allar þessar fornleifar á meðan á framkvæmdum standi til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá. Þá kemur fram í greinargerð Vegagerðarinnar að fenginn verði fornleifafræðingur til að ganga veglínuna þar sem hún liggja utan rannsóknarsvæðisins til að kanna hvort þar leynist fornleifar. Niðurstöður slíkrar könnunar þurfi að leggja fyrir Minjastofnun Íslands sem þá taki ákvörðun um til hvaða mótvægisáðgerða skuli gripið gagnvart fornleifum sem hugsanlega finnast á þessu svæði og hætta kunni að stafa af fyrirhuguðum framkvæmdum. Þá minnir Minjastofnun Íslands á að varast beri að staðsetja vinnuskúra og efnisgeymslur of nálægt fornleifum og að haga beri umferð vinnuvéla með þeim hætti að fornleifum stafi ekki hætta af. Að því gefnu að farið verði að ofangreindum skilyrðum telji stofnunin að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að sótt verði um leyfi til Minjastofnunar Íslands ef fjarlægja þurfi vörðu og væntanlegum verktaka verði gerð grein fyrir þeim fornminjum sem liggja innan 100 m frá veglínunni og þær merktar á áberandi hátt áður en framkvæmdir hefjist til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá. Ennfremur muni Vegagerðin leggja niðurstöður fornleifakönnunar, sem fram fara utan rannsóknarsvæðisins, fyrir Minjastofnun Íslands.

Í umsögn Fiskistofu er bent á að þar sem enn hafi ekki verið ákveðið hvaða námur verði nýttar vegna framkvæmdanna né fyrirhugað magn, væri eðlilegt að Fiskistofa fjallaði sérstaklega um þá þætti í samræmi við lög nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði, þegar og ef efni verði tekið í eða við árfarvegi.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að haft verði samráð við Fiskistofu þegar og ef efni til framkvæmdarinnar verði tekið í eða við árfarvegi.

Í umsögn Veðurstofu Íslands er bent á að á rúmlega 3 km kafla undir Fossárfelli á fyrirhuguðu vegstæði sé halli hliðarinnar yfir þeim mörkum sem gjarnan sé miðað við fyrir möguleg snjóflóðaupptök á 260-380 m hæðarbili. Úthlaupshorn frá efri mörkum mögulegra upptakasvæða niður að veglínu G á þessum slóðum sé á bilinu 25-29°. Í ljósi þessa og þeirrar staðreyndar að þekkt sé nokkur dæmi um skriðuföll og snjóflóð í fjallshlíðum Berufjarðar sé ástæða sé til að huga að hættu á vegstæðinu sem kunnir að stafa af snjóflóðum, grjóthruni og öðrum skriðuföllum.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að þegar mat á umhverfisáhrifum veglagningar skv. veglínunum A, C og E hafi farið fram árið 2011, hafi Veðurstofa Íslands engar athugasemdir gert við kaflann um ofanflóð í frummatsskýrslu. Undir Fossárfelli liggja ný veglína G nálægt veglínu C sem kynnt hafi verið í frummatsskýrslunni. Fram kemur að við undirbúning framkvæmdanna muni Vegagerðin láta meta þá hættu á vegstæðinu sem kunnir að stafa af snjóflóðum, grjóthruni og öðrum skriðuföllum í samráði við sérfræðinga.

Í umsögn Landgræðslu ríkisins kemur fram að um sé að ræða nokkuð umfangsmikla framkvæmd sem liggja á tveimur stöðum yfir votlendi auk þess sem gert sé ráð fyrir að að vegurinn liggja yfir annað gróíð land og þeim megi fjarðarins þar sem ekki hafi áður verið vegaf framkvæmdir. Stofnunin telji æskilegt að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum m.t.t. eðlis og umfangs hennar en geri ekki kröfu um það.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að veglína G sé aðeins 30 m lengri en veglína A, efnispörf um 110 þús. m³ meiri en vegna veglínunni A á þeim kafla þar sem þær liggja ekki saman og skeringar og fyllingar verði meiri því veglínunni liggja um ójafnara land en veglína A. Vegagerðin bendir á að allar þær veglínur sem lagðar hafi verið fram í matsskýrslu muni raska votlendi. Þar sem veglína G raski votlendi liggja hún að mestu í jáðri votlendissvæða, sem telja megi að hafi minni neikvæð áhrif á votlendið í heild sinni en ef veglínunni þveraði það. Vegagerðin muni endurheimta jafn stórt votlendi og það sem raskist vegna framkvæmdanna. Fram kemur að ný veglína G liggja í grennd við veglínur sem kynntar hafi verið við mat á umhverfisáhrifum Axarvegar árið 2011 og sé víðast innan þess svæðis sem rannsakað hafi verið vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Það er mat Vegagerðarinnar að nýtt umhverfismat vegna veglínunni G þjóni ekki tilgangi þar sem það leiði tæplega til annarrar niðurstöðu en það umhverfismat sem þegar liggja fyrir.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagningu vegar um 8 km leið af fjallveginum Öxi og niður í Berufjarðardal að núverandi Hringvegi í Berufirði í Djúpavogshreppi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13. a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Landslag og sjónræn áhrif

Skipulagsstofnun vill í upphafi benda á að hér er um að ræða breytingu á framkvæmd sem stofnunin gaf álit sitt á í apríl 2011. Einungis er verið að hliðra til veglínunni á um 8 km kafla en í álitinu var alls fjallað um veglagningu Hringvegar í Skriðdal, vegar yfir Öxi og niður í Berufjarðardal, alls um 25 km leið og veglagningu um Berufjarðarbotn. Í álitinu Skipulagsstofnunar frá því í apríl 2011 kom fram sú niðurstaða hvað varðar áhrif veglagningu niður af Öxi og í Berufjarðardal að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda yrðu áhrif á landslag og sjónræn áhrif og þá einkum vegna veglagningar niður í Berufjarðardal og botn Berufjarðar milli stöðva 19000 og 26000, sem er það svæði sem veglína G mun liggja um. Eins og kemur fram í framlögðum gögnum einkennist landslagið á þessu svæði af

klettabeltum sem mynda hjalla og eru votlendi og tjarnir víða á hjöllum auk þess sem svæðið einkennist af fossum og djúpum gljúfrum og er því ljóst að landslag á svæðinu er mjög stórbrotið og tilkomumikið. Skipulagsstofnun taldi að um yrði að ræða verulega neikvæð áhrif á landslagið, vegna umfangs vegarins og óafturkræfni áhrifanna, burtséð frá því hvort um væri að ræða veglínu A, C, E eða F. Skipulagsstofnun taldi ótvírætt að vegna fyrrnefndra landslagsaðstæðna á svæðinu væri ekki mögulegt að koma fyrir vegamannvirki, af því umfangi sem fyrirhugað væri, sem gæti á nokkurn hátt fallið að landslaginu og hefði ekki í för með sér varanlegar breytingar á landslagi og ásýnd svæðisins. Sökum aðstæðna á svæðinu kæmi vegurinn til með að verða vel sýnilegur vegfarendum úr töluverðri fjarlægð úr Berufjarðarbotni og beggja vegna fjarðarins. Stofnunin taldi að þær mótvægisáðgerðir sem Vegagerðin fyrirhugaði, s.s. að fyllingar og skeringar yrðu sem minnst áberandi og að núverandi vegur yrði fjarlægður á köflum megnuðu lítið að draga úr, koma í veg fyrir eða bæta fyrir neikvæð áhrif á landslag á þessu svæði, þegar tekið er tillit til umfangs skeringa og fyllinga.

Skipulagsstofnun bendir á að umfang vegar samkvæmt veglínu G er sambærilegt og umfang vegar samkvæmt fyrrnefndum veglínunum A, C og E en skv. upplýsingum í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar varðandi veglínu G mun framkvæmdasvæðið verða um 70 m breytt á tveimur stöðum vegna skeringa og hæsta fylling tæpir 13 m að hæð og dýpsta skering rúmlega 16 djúp. Þó að Vegagerðin telji veglínu G þann valkost sem best liggir í landinu af þeim veglínunum sem metnar hafi verið (og getið er um hér að framan) með tilliti til umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar á landslag telur Skipulagsstofnun að það breyti engu um ofangreinda niðurstöðu stofnunarinnar um áhrif á landslag og sjónræn áhrif þess; framangreind áhrif á landslag eiga því einnig við í tilfelli vegar sem lagður yrði samkvæmt veglínu G.

Áhrif á gróður

Samkvæmt framlögðum gögnum kemur veglína G til með að raska tveimur votlendissvæðum sem eru stærri en 3 ha og njóta þar með verndar skv. náttúruverndarlögum og gerir Vegagerðin ráð fyrir að endurheimta votlendi sem svarar til þess sem raskast. Veglína G mun hins vegar ekki raska birkikjarri, fjalldrapamóa né ræktuðu landi eins og veglína A hefði gert. Veglagning um Skriðdal og Öxi mun í heildina raska um 40 ha svæði en svo virðist sem veglína G muni raska votlendi af svipaðri stærð og hinar veglínur í Berufjarðardal þannig að neikvæð áhrif veglínu G á gróður verða keimlík áhrifum hinna línanna í Berufjarðardal, þegar á heildina er litið.

Áhrif á fornleifar

Varðandi áhrif á fornleifar þá er ljóst að í umsögn sinni fellst Minjastofnun Íslands á að fornleifar, sem raskast eða eru í hættu á framkvæmdatíma, verði merktar eða staðsettar með GPS mælingu. Þá fellst stofnunin á að fenginn verði fornleifafræðingur til að ganga veglínuna þar sem hún liggur utan rannsóknarsvæðisins til að kanna hvort þar leynist fornleifar og að niðurstöður slíkrar könnunar verði lagðar fyrir stofnunina sem þá taki ákvörðun um til hvaða mótvægisáðgerða skuli gripið gagnvart fornleifum sem kunna að finnast á svæðinu.

Áhrif á aðra umhverfispætti og ofanflóðahætta

Skipulagsstofnun telur að öðru leyti að fyrir liggir að veglína G muni ekki raska beitilandi í sama mæli eins og veglína A myndi gera auk þess sem áhrif veglínunnar á vatnalíf Berufjarðarar yrðu minni en af veglínu A, þar sem áin væri þveruð fyrir ofan fiskgengan hluta hennar en á móti kemur fyrirhuguð efnistaka á áreyrum. Skipulagsstofnun telur að áhrif af lagningu veglínu G verði svipuð eða nær sambærileg á útivist og ferðamennsku, fuglalíf, hreindýr, jarðmyndanir og vatnafar og veglagning samkvæmt veglínunum A, C og E sem fjallað

er um í álit Skipulagsstofnunar frá því í apríl 2011. Skipulagsstofnun tekur undir það sem fram kemur í svörum Vegagerðarinnar við umsögn Veðurstofu Íslands um hugsanlega ofanflóðahættu, þurfi Vegagerðin að láta meta þá hættu á vegstæðinu sem kunnir að stafa af snjóflóðum, grjóthruni og öðrum skriðuföllum í samráði við sérfræðinga.

Umsögn Umhverfisstofnunar

Í umsögn Umhverfisstofnunar er réttilega bent á að veglínu G muni hafa í för með sér varanlegar og óafturkræfar breytingar á landslagi auk þess að raska votlendi sem nýtur verndar skv. náttúruverndarlögum. Stofnunin telur jafnframt að veglagningin muni hafa umtalsverð og varanleg áhrif á landslag og ásýnd innsta hluta Berufjarðar. Umhverfisstofnun bendir í því sambandi á að það sé m.a. markmið laga um mat á umhverfisáhrifum að tryggja að áður en leyfi sé veitt fyrir framkvæmd, sem kunnir vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar.

Eins og rakið er hér að framan liggur nú þegar fyrir álit Skipulagsstofnunar frá því í apríl 2011 um umhverfisáhrif af lagningu Axarvegur og Hringvegur í Skriðdal og Hringvegur um Berufjarðarbotn. Mat Vegagerðarinnar á umhverfisáhrifum þeirrar framkvæmdar fór fram á árunum 2009-2010 og skilaði stofnunin frummatsskýrslu til Skipulagsstofnunar í nóvember 2010 og matsskýrslu í mars 2011. Ljóst er að veglína G liggur að langmestu leyti innan rannsóknarsvæðisins sem skilgreint var vegna þessa mats og niðurstöður allra rannsókna sem gerðar voru í tengslum við umhverfismatið liggja fyrir. Að mati Skipulagsstofnunar er ljóst að áhrif veglínu G á landslag í Berufjarðardal verða sambærileg og áhrif þeirra veglína sem fjallað var um í fyrrnefndu mati. Að ákvarða veglínu G í mat á umhverfisáhrifum myndi, að mati Skipulagsstofnunar, engu bæta þar við. Því er það niðurstaða stofnunarinnar, eftir að hafa yfirfarið þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila við þeim í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b., að veglagning samkvæmt veglínu G milli Háubrekku og Reiðeyrar í Djúpavogshreppi skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

- Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Djúpavogshrepps skv. 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012.
- Veglagning skv. veglínu G er ekki í samræmi við Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008-2020 og kallar á breytingu á því.
- Framkvæmdin er háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.
- Veglagning og efnistaka í grennd við veiðivötn og ár er háð leyfi Fiskistofu skv. lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006. Sækja þarf um leyfi til Minjastofnunar Íslands þar sem hætta er á að fornleifar geti raskast í samræmi við lög um menningarminjar nr. 80/2012.
- Samkvæmt reglugerð um raforkuvirki nr. 586/2004 þarf að gæta að fjarlægðum mannvirkja og háspennulína og ekki má hefja vinnu í næsta nágrenni við flutningsvirki í rekstri (innan helgunarsvæðis) nema fyrir liggja heimild frá Landsneti.

Skipulagsstofnun leggur áherslu á mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 23. apríl 2013.

Rut Kristinsdóttir

Jakob Gunnarsson

